

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2005

frá 8. júlí 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2005 frá 29. apríl 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 frá 16. desember 2004 um varanleg leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/116/EB frá 23. desember 2004 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 82/471/EBE að því er varðar skráningu *Candida guilliermondii* ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004):
„1zze. **32004 R 2148**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 frá 16. desember 2004 um varanleg leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 82/471/EBE):
„- **32004 L 0116**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/116/EB frá 23. desember 2004 (Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 81).“

2. gr.

Íslensku og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2184/2004 og tilskipunar 2004/116/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 81.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.